



Stjórnarfundur AKÍS -

Staður og tími: Google Hangouts - 5.6.2018 kl. 18:00

Mætt:

Arnar Már Pálmarsson (AMP), Torfi Arnarson (TA), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS), Stefán Örn Steinþórsson (SÖS), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Ragnar Róbertsson (RR), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS)

Fjarverandi:

Garðar Gunnarsson (GG)

ÞA ritaði fundargerð.

1. Öryggisnámskeið í samstarfi við NBF (norska akstursípróttasambandið)

Staðfest hefur verið að þetta sé möguleiki. Vonast er eftir nánara svari í þessum mánuði.

2. Tryggingar keppnistækja erlendra keppenda á Íslandi

Leitað hefur verið til eftirtalinna tryggingarfélaga hérlandis um viðbótar tryggingar erlendra keppenda svo þeir uppfylli tryggingarkvaðir samkvæmt reglugerð: Sjóvá, TM, VÍS og Vörður.

Sjóvá býður sömu tryggingu og íslenskum keppendum er boðin. Hin tryggingarfélagin sáu sér ekki fært að bjóða tryggingar.

3. Stigagjöf í torfæru

Á formannafundi AKÍS 26. nóvember 2017 voru kynntar breytingar á torfæruleglum í götubílaflokki og breytt stigagjöf fyrir alla flokka í Íslandsmeistaramótinu.

Uppfærðar reglur um götubílaflokk 2018 voru settar á vef AKÍS fyrir áramót.

Því miður fórst fyrir að setja uppfærðar reglur með þessari breyttu stigagjöf á vef AKÍS á sama tíma.

Ábendingar bárust til stjórnar AKÍS nýverið um að enn væru 2017 reglur fyrir Íslandsmeistaramót í torfæru á vef sambandsins. Málið var skoðað og í ljós kom að eftir átti að uppfæra þær þar.

Réttar reglur fyrir Íslandsmeistaramótið í torfæru 2018 hafa verið setta á vef AKÍS, þar sem rétt stigagjöf kemur fram og staðan í torfæru uppfærð til samræmis.

Keppendur eru beðnir velvirðingar á þessum mistökum.

4. Úttekt á nýrri sandspyrnubraut á Akureyri

SÖS og ÞA falið að gera úttektaráætlun sem SÖS mun framkvæma þegar brautin er komin í mælanlegt form.



5. Dómaranámskeið í torfæru

Gætu verið 10 manns sem vilja koma og taka að sér dómara hlutverkið. Væri gott ef hægt er að halda námskeiðið sem fyrst.

Skráning verði í mótakerfi AKÍS og spurt hvort menn vilja frekar mæta á námskeið í Reykjavík eða á Egilsstöðum.

Niðurstaða lögð fyrir á næsta stjórnarfund.

6. Aðgerðaráætlun Akstursípróttasambands Íslands vegna kynbundins og/eða andlegs ofbeldis

Lögð fram drög að texta og stjórn beðin um að skoða þetta með það fyrir augum að hægt verði að afgreiða þetta á næsta fundi stjórnar.

7. Önnur mál

a) Merki LÍA á skjölum frá keppni:

Samþykkt að benda viðeigandi klúbba á að LÍA sé ekki lengur aðili að akstursípróttum á Íslandi, heldur AKÍS.

b) Keppnisleiðir innanbæjar nálægt bílum og fólki:

Samþykkt að stofna vinnuhóp til að gera tillögur um hvernig bæta megi öryggi á slíkum keppnisbrautum.

c) Akstur með farþega í keppni: Skoða þarf hvernig taka eigi á því þegar ekið er með gesti á keppnisleið/svæði, sama í hvaða grein það er. Fyrir utan að vera í fullum keppnisgalla og með annan þann öryggisbúnað sem krafist er, eiga þeir gestir að vera með sérstaka tegund keppnisskírteina?

d) Reglur um samfélagsmiðla: Samþykkt að setja á vef AKÍS frétt þar sem ítrekað er að keppendur og lið þeirra fari eftir reglum og sýni almenna kurteisi. Þetta er gert af gefnu tilefni vegna skrifa nú undanfarna daga á samfélagsmiðlum.

8. Næsti fundur

Hangouts 19. júní 2018 kl. 18:00